

Vegagerðin
Hilmar Finnsson,
deildarstjóri
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. júlí 2013
Tilvísun: UST20130700013/bs


Endurbætur á Krýsuvíkurvegi innan Reykjanesfólkvangs. Umsókn um leyfi til framkvæmda.


Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar dags. 2. júlí þar sem óskað er leyfis Umhverfisstofnunar til endurbóta á Krýsuvíkurvegi á um tveggja km löngum kafla milli stöðva 7700 og 9840. Núverandi vegi verður fylgt nema milli stöðva 9500 og 9840, þar sem vegurinn færast lítið eitt til austurs til að bæta vegsýn. Nýr vegur mun liggja um lítt gróið svæði. Núverandi vegur verður felldur að skeringu vestan vegarins.

Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til sbr. auglýsingu í Stj. tíð. B, nr. 520/1975.

Starfsmaður Umhverfisstofnunar skoðaði aðstæður á vettvangi 2. júlí. Fyrirhugað framkvæmdasvæði einskorðast við núverandi veg nema á fyrrnefndum 340 m kafla. Þar er jarðvegur sendinn og er hægt að fella núverandi veg vel að landi. Einnig mætti hafa í huga að ganga frá gamalli námu sem er fast við veginn nærri stöð 9840 og draga þannig enn frekar úr sjónrænum áhrifum mannvirkjagerðarinnar.

Umhverfisstofnun veitir leyfi til endurbóta á Krýsuvíkurvegi á þeim kafla og með þeim hætti sem lýst er í bréfi Vegagerðarinnar dags. 2. júlí 2013. Umhverfisstofnun óskar eftir að samráð verði haft við stofnunina um frágang við lok verksins.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Sigrún Agúsdóttir
sviðsstjóri